



## Ársreikningur 2017

**Handknattleiksdeild**



# Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinn skoðunarmanna .....	1
Áritun stjórnar .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8



# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning handknattleiksdeildar Gróttu fyrir árið 2017. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2017 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn handknattleiksdeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

  
Rögnvaldur Dofri Pétursson

  
Guðjón Norðfjörð



# Áritun stjórnar

Stjórn handknattleiksdeildar Gróttu staðfestir hér með árskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018



Bjarni Þorfi Alfbörsson



Kristín Þórðardóttir

---

Helga Þórðardóttir

---

Eiríkur Elís Þorláksson

---

Hannes Birgisson

---

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir



# Skýrsla stjórnar Handknattleiksdeild Gróttu 2017

## Meistaraflokkar karla og kvenna

Á aðalfundi deildarinnar 2017 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Kristín Þórðardóttir, formaður, Davíð Scheving, gjaldkeri, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hannes Birgisson, Helga Þórðardóttir, Eiríkur Elís Þorláksson og Jóhann G Jóhannesson auk varamanna Evu Kristinsdóttir og Harðar Einarssonar. Á haustmánuðum 2017 þurfti Jóhann G. Jóhannesson að draga sig út úr stjórninni og þeir Einar Rafn Ingmarsson og Valgeir Gunnlaugsson bættust í stjórnina.

Starf handknattleiksdeilda Gróttu hefur verið með með ágætum þetta árið. Iðkendur eru tæplega 350 talsins og skiptingin nokkuð jöfn á milli drengja og stúlkna. Starfinu er skipt niður í meistaraflokk og yngri flokka. Hér verður fjallað um starfsemi meistaraflokkar og formaður ungingaráðs fjallar um starf yngri flokka.

### Helstu verkefni stjórnar á árinu

Breytingar urðu á þjálfarateymum beggja meistaraflokkar síðastliðið vor. Kári Garðarsson og Björgvin Rúnarsson tóku við karlaliðinu og Alfreð Örn Finnsson og Annett Köbli við kvennaliðinu. Í desember flutti Annett aftur til Ungverjalands og Dagur Snær Sigurðsson tók við aðstoðarþjálfarastöðunni í hennar stað.

Á vormánuðum var farið í ganga til samninga við núverandi leikmenn og gekk sú vinna frekar brösulega. Stefna félagsins hefur verið að byggja á leikmönnum sem að koma úr yngri flokkastarfi félagsins en því miður ákváðu nokkrir af okkar uppöldu leikmönnum að leita á önnur mið. Talsverðar breytingar urðu því á bæði mfl. karla og mfl. kvenna fyrir tímabilið. Þar sem misvel gekk að fylla í skörð þeirra leikmanna sem hurfu á braut voru á endanum fengnir erlendir leikmenn í bæði lið. Hinn sænski Maximilian Johnson lék með karlaliðinu fram að áramótum en þá var samningi rift við hann mest megnis vegna breyttra forsenda í rekstri. Savica Mrkikj lék hins vegar alla leiktíðina með kvennaliðinu og hefur farið vaxandi eftir því sem við á.

Í dag eru 44 leikmenn með HSÍ samning, 22 í hvoru liði og er mikill meirihluti þeirra leikmenn sem hafa gengið upp í gegnum ungingastarf félagsins.

Umgjörð heimaleikja félagsins sem hefur gengið ágætlega en þó hafa komið leikdagar þar sem störf við undirbúnig og framkvæmd hefur lent á fáum einstaklingum. Hér þurfum við að bæta okkur og stækka þann hóp Gróttufólks sem er tilbúið til að leggja félginu lið við framkvæmd leikja.

Handknattleiksdeild Gróttu stóð í samstarfi við knattspyrnudeild Gróttu fyrir vel heppnuðu herrakvöldi í október og þorrablóti í lok janúar sem heppnaðist mjög vel. Ákveðið var að flytja kvennakvöld þessa tímabils fram á haustmánuði og halda það jafnvel í tengslum við herrakvöld félagsins. Í lok desember stóð deildin líka í fyrsta skipti fyrir svokölluðu softball móti sem heppnaðist einkar vel miðað við frumraun, ljóst er að þessi viðburður verður endurtekin á næstu árum.

Samstarf við núverandi og nýja styrktaraðila hefur því miður ekki gengið nógu vel. Með herkjum náðist þó að endurnýja samninga við flesta aðalstyrktaraðila deildarinnar en mjög illa gekk að ná nýjum aðilum inn.

Handknattleiksdeild Gróttu er með bæði kvenna- og karlalið í efstu deild og ljóst er að slíkur árangur kallar á frekari vinnu við öflun nýrra styrktaraðila. Ásamt þeim fyrirtækjum sem styrkja deildina þá er Seltjarnarnesbær einn af öflugri styrktaraðilum deildarinnar og félagsins í heild og þökkum við þeim kærlega fyrir þennan stuðning sem verður vonandi um ókomna tíð.

### **Meistaraflokkar - Árangur**

Báðir meistaraflokkar félagsins leika í efstu deild, Olís deildinni á því tímabili sem nú er að ljúka.

Mfl. kvenna náði fínum árangri á síðasta tímabili miðað við þær mannabreytingar sem urðu á liðinu milli ára og tryggði sér sæti í úrslitakeppni deildarinnar þar sem þær féllu út eftir oddaleik gegn Stjörnunni. Á núverandi tímabili var liðið að mestu byggt upp á ungum, uppoldum leikmönnum og var það í talsverðum vandræðum. Liðið náði þó að tryggja sér umspilssæti um áframhaldandi veru í efstu deild og sigraði FH í oddaleik í fyrstu umferð þess umspils. Í seinni umferðinni leikur liðið við HK og heldur sæti sínu í úrvalseild með sigri í þeirri viðureign.

Mfl. karla endaði í 8.sæti deildarinnar og mætti deildarmeisturum FH í 8 liða úrslitum. Þar náði liðið ekki að sýna sitt rétta andlit og datt úr leik 2-0. Eins og áður sagði urðu miklar mannabreytingar á karlaliðinu eftir síðasta tímabil og einnig voru meiðsli að plaga marga leikmenn þegar keppni hófst í haust. Það fór því svo að liðið tapaði fyrstu 8 leikjunum í deildarkeppnni en náði með góðum sprettum í seinni umferð og lok þeirrar fyrri að tryggja sér 9.sætið í deildinni og þar með áframhaldandi veru í efstu deild.

Árangur meistaraflokkar félagsins undanfarin ár hefur endurspeglad það öfluga og góða starfi sem unnið hefur verið í yngri flokkum Gróttu og ljóst er að við verðum öll að taka höndum saman til þess að styrkja það ef markmið okkar, tryggja stöðu Gróttu sem eitt af öflugustu handknattleiksliðum landsins, á að ná fram að ganga.

### **Hvað er framundan**

Markmið deildarinnar er og verður að vera að fjölga þeim aðilum sem vilja vinna við starf deildarinnar og byggja það upp innan frá eins mikið og hægt. Því þarf að efla alla umgjörð í kringum deildina og fjölga okkar sjálfboðaliðum til þess að sjá deildina dafna og þroskast á næstu árum.

Næstu vikur eru einkar mikilvægir í því hvernig takast mun til á næsta tímabili.

Stjórn handboltans vill þakka ÍTS, Seltjarnarnesbæ og öllum styrktaraðilum fyrir mjög gott samstarf og öflugan stuðning við deildina síðastliðin ár.

Framkvæmdarstjóra, íþróttastjóra Gróttu, samstarfsmönnum í aðalstjórn og stjórn deildarinnar, starfsmönnum íþróttamiðstöðvar og okkar ómetanlegu sjálfboðaliðum þökkum við fyrir gott samstarf á liðnu tímabili.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

Stjórn handknattleiksdeilda Gróttu



# Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017	2016
Framlög og styrkir .....	3	19.986.035	10.992.280
Tekjur af mótum .....		4.362.966	9.125.649
Auglýsingatekjur .....		9.453.500	7.110.000
Aðrar tekjur .....		1.685.000	3.197.569
		<u>35.487.501</u>	<u>30.425.498</u>
Rekstrargjöld			
Verktakagreiðslur .....		21.715.875	16.997.349
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir) .....		6.900.000	0
Áhöld, tæki og búnaður .....		1.951.170	812.021
Þátttaka og kostnaður vegna móta .....	4	6.479.541	6.613.384
Annar kostnaður .....	5	10.482.862	9.276.031
		<u>47.529.448</u>	<u>33.698.785</u>
Rekstrartap		(12.041.947)	(3.273.287)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur .....		868	4.544
Vaxtagjöld .....		(230.838)	(60.034)
		<u>(229.970)</u>	<u>(55.490)</u>
Tap ársins		(12.271.917)	(3.328.777)



# Efnahagsreikningur 31/12 2017

## Eignir

	Skýr.	2017	2016
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		10.540	10.540
Skammtímakröfur .....		1.585.132	1.469.070
Handbært fé .....		930.570	101.272
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>2.526.242</b>	<b>1.580.882</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>2.526.242</b>	<b>1.580.882</b>

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
<b>Eigið fé</b>			
Upp safnað eigið fé frá fyrra ári .....		(4.660.504)	(1.331.727)
Tap ársins .....		(12.271.917)	(3.328.777)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>6</b>	<b>(16.932.421)</b>	<b>(4.660.504)</b>

## Skuldir

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		19.458.663	6.241.386
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>19.458.663</b>	<b>6.241.386</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>19.458.663</b>	<b>6.241.386</b>

**Eigið fé og skuldir samtals** **2.526.242** **1.580.882**



# Sjóðstreymi 2017

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2017	2016
Hagnaður (Tap) ársins .....		(12.271.917)	(3.328.777)
Hreint veltufé til rekstrar		(12.271.917)	(3.328.777)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur .....		(116.062)	(354.068)
Skammtímaskuldir .....		13.217.277	3.483.297
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		13.101.215	3.129.229
Handbært fé (til) frá rekstri		829.298	(199.548)
Hækjun (lækkun) á handbæru fé .....		829.298	(199.548)
Handbært fé í ársbyrjun .....		101.272	300.820
Handbært fé í árslok .....		930.570	101.272



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Handknattleiksdeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, handknattleiksdeildar Gróttu, er ársreikningur meistaraflokkja.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvárdanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Framlög og styrkir

	2017	2016
Húsaleigustyrkir .....	6.800.000	0
Ferðastyrkir .....	610.000	821.500
Rekstrarstyrkur .....	10.425.600	8.121.600
Aðrir styrkir og tekjur .....	<u>2.150.435</u>	<u>2.049.180</u>
	<u>19.986.035</u>	<u>10.992.280</u>

## 4. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2017	2016
Kostnaður meistaraflokkks karla .....	2.497.100	2.459.413
Kostnaður meistaraflokkss kvenna .....	1.980.893	2.556.670
Annar kostnaður .....	<u>2.001.548</u>	<u>1.597.301</u>
	<u>6.479.541</u>	<u>6.613.384</u>



# Skýringar

## 5. Annar kostnaður

	2017	2016
Félagaskipti og sala leikmanna .....	1.809.686	481.373
Húsaleiga .....	445.000	541.024
Kostnaður vegna bifreiða .....	5.844.869	5.027.578
Kosnaður vegna skemmtana- og leikjahalds .....	1.264.229	2.921.422
Rekstur skrifstofu .....	519.319	0
Annar kostnaður .....	599.759	304.634
	<u>10.482.862</u>	<u>9.276.031</u>

## 6. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	(1.331.727)	(3.328.777)	(4.660.504)
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé .....	(3.328.777)	3.328.777	0
Tap ársins .....		(12.271.917)	(12.271.917)
Eigið fé 31/12 .....	<u>(4.660.504)</u>	<u>(12.271.917)</u>	<u>(16.932.421)</u>